

Erindisbréf Félags-og menningarmálanefndar Skútustaðahrepps

I. Stjórnskipuleg staða og skipan

1. gr

Félags- og menningarmálanefnd heyrir beint undir sveitarstjórn Skútustaðahrepps. Sveitarstjóri er starfsmaður nefndarinnar.

2. gr

Í Félags-og menningarmálanefnd eiga sæti fimm aðalmenn og jafnmargir til vara sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum kosningum skv ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin skal á fyrsta fundi kjósa sér ritara.

3. gr

Auk kjörinna nefndarmanna á sveitarstjóri rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni

II. Hlutverk og verk svið.

4. gr

Nefndin fjalli um málefni félagsþjónustu, jafnréttismál, málefni fatlaðs fólks, málefni aldraðra, forvarna, áfengis- og vímuvarna og húsnæðismála. Nefndin fjalli enn fremur um æskulýðs- og íþróttamál í sveitarfélaginu. Þá fjalli nefndin um menningarmál í sveitarfélaginu þar með talin almenningsbókasöfn og félagsheimili.

Nefndin fjalli um framangreinda málaflökka samkv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, um málefni fatlaðra nr. 59/1992, um málefni aldraðra nr. 125/1999, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, um áfengislög nr. 75/1998, um húsnæðismál nr. 44/1998 um íþróttalög nr. 64/1998, um æskulýðslög nr. 70/2007, um félagsheimili nr. 107/1970 og um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 sem og öðrum þeim lögum sem kunna að varða störf nefndarinnar hverju sinni. Í störfum skal nefndin hafa gott samráð við aðrar fagnefndir sveitarfélagsins.

Hlutverk nefndarinnar er:

- Að móta stefnu fyrir sveitarfélagið í þeim málum sem undir nefndina heyra svo sem fjölskyldustefnu, jafnréttisstefnu, forvarnarmál, rekstrarfyrirkomulag og nýtingu bókasafna, rekstrarfyrirkomulag og

- nýtingu félagsheimila, rekstrafyrirkomulag og nýtingu íþróttamannvirkja, æskulýðs- og íþróttamál og félagsstarf eldri borgara.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um nánari útfærslu á einstökum þáttum félagsþjónustu sveitarfélagsins, s.s. á sviði félagslegrar ráðgjafar, heimaþjónustu og liðveislu.
 - Að fjalla um, hafa eftirlit með framkvæmd og veita sveitarstjórn umsögn um þjónustusaming sveitarfélagsins við sveitarfélagið Norðurþing um eftirtalda þætti:
 - Sérfræðiþjónustu í barnavernd
 - Sérfræðiþjónustu í félagsþjónustu
 - Að gera tillögur til sveitarstjórnar um nánari útfærslu á einstökum þáttum félagsþjónustu sveitarfélagsins, s.s. á sviði félagslegrar ráðgjafar, heimaþjónustu og liðveislu.
 - Að veita sveitastjórn umsögn um mál og málaflokka sem undir nefndina heyra og skal nefndin ávallt leitast við að fylgjast með umræðu um þau málefni sem snerta starfssvið hennar.
 - Að hafa frumkvæði að og hvetja til blómlegs menningarstarfs í Mývatnssveit í samráði við íbúa, stofnanir og félagasamtök.
 - Að vera tengiliður sveitarfélagsins við Menningaráð og menningarfulltrúa Eyþings og veita sveitarstjórn umsögn um starfsemi þess.
 - Að gera árlega fyrir lok september tillögur til sveitarstjórnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar komandi árs, um forgangsroðun fjárveitinga til skilgreindra viðfangsefna eða fyrirhugaðra fjárfestinga á þeim sviðum sem undir nefndina heyra.

5. gr

Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi skal nefndin vinna að hverjum þeim málum er sveitarstjórn felur henni.

Gildistaka

6. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum **sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011** um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn Skútustaðahrepps.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 25. september 2014

Mývatnssveit, 18. október 2014


Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri.

